

Ár 2012, fimmtudaginn 6. desember kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Ninna Sif Svavarsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bærarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Ninna Sif Svavarsdóttir formaður setti fund og stjórnaði.

Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

**1. Bréf sem borist hafa frá:**

**1.1. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga frá 16. nóvember 2012.**

Í bréfinu er kynnt áætluð úthlutun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á framlagi vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2013.

Lagt fram til kynningar.

**1.2. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 29. nóvember 2012.**

Í bréfinu er kynnt skipan nefndar um hlutverk landshlutasamtaka og svæðisvinnu sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

**1.3. Samkeppniseftirlitinu frá 29. nóvember 2012.**

Í bréfinu er kynning á tilmælum Samkeppniseftirlits til sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

**1.4. Skógræktarfélagi Íslands frá 30. nóvember 2012.**

Í bréfinu er ályktun Skógræktarfélags Íslands frá aðalfundi sem haldinn var 24. til 26 september s.l.

Lagt fram til kynningar.

**1.5. Héraðssambandinu Skarphéðni frá 22. nóvember 2012.**

Í bréfinu óskar Héraðssambandið Skarphéðinn eftir fjárstuðningi frá Hveragerðisbæ.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu en vísar til þess að stuðningur Hveragerðisbæjar við HSK er greiddur í gegnum framlag Héraðsnefndar Árnesinga.

**1.6. Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 12. nóvember 2012.**

Með bréfinu fylgdu ályktanir sem samþykktar voru á ársþingi Sambands sunnlenskra sveitarfélaga 2012.

Lagt fram til kynningar.

## 2. Tæknileg málefni:

### 2.1. **Minnisblað vegna fundar fulltrúa Vegagerðarinnar og Hveragerðisbæjar vegna Suðurlandsveggar frá 22. nóvember 2012.**

Lagt fram minnisblað vegna fundar sem haldin var 22. nóvember s.l. að ósk fulltrúa Vegagerðarinnar til að kynna fyrirhugaðar vegbætur á Suðurlandsvegi.

Lagt fram til kynningar.

### 2.2. **Kynningarfundur vegna tilnefningar urðunarstaða frá 27. nóvember 2012.**

Lögð fram fundargerð vegna kynningarfundar sem haldin var á Hótel Selfossi 27. nóvember s.l. vegna tilnefningar urðunarstaða.

Lagt fram til kynningar.

### 2.3. **Svarbréf frá Lex lögmönnum vegna kærur til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.**

Lagt fram svarbréf frá Lex lögmönnum vegna kærur ábúenda jarðarinnar Friðarstaðir til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Lagt fram til kynningar.

## 3. Fjárhagsleg málefni:

### 3.1. **Minnisblað frá bæjarstjóra frá 4. desember vegna GSM símanotkunar.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 4. desember 2012 vegna GSM símanotkunar starfsmanna Hveragerðisbæjar.

Bæjarráð samþykkir að þak verði sett á kostnaðarþátttöku Hveragerðisbæjar vegna farsímanotkunar og að starfsmenn sjálfir greiði það sem umfram er um hver mánaðarmót.

Eftirfarandi þak verði sett.

25.000	bæjarstjóri
15.000	Sviðstjórar og yfirmenn stærri stofnana
8.000	Forstöðumenn
5.000	Aðrir starfsmenn
3.000	Lítill notkun

3.2. **Minnisblað frá bæjarstjóra frá 4. desember vegna farandgæslu.**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 4. desember 2012 vegna farandgæslu.

Bæjarráð samþykkir að segja upp þjónustusamningi um farandgæslu og taki uppsögnin gildi frá og með 1. febrúar n.k.

**4. Fundargerðir til kynningar:**

- 4.1. **SASS frá 29. nóvember 2012.**
- 4.2. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 23. nóvember 2012.**
- 4.3. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands frá 18. október og 23. nóvember 2012.**
- 4.4. **Sorpstöðvar Suðurlands frá 13. nóvember 2012.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:40

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)